



17. apríl 2023

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 896. mál á 153. löggjafarþingi**

*Innheimtustofnun sveitarfélaga (verkefnaflutningur til sýslumanns)*

Hagsmunasamtök heimilanna eru almennt fylgjandi því að innheimta meðlagsskulda verði færð undir hatt ríkisins, enda eru meðlög greidd af ríkinu í þeim tilvikum sem foreldri hefur óskað eftir því. Það er því eðlilegt og til þess fallið að minnka flækjustig að þetta tvennt verði á sömu hendi.

Þó að meðlag falli ekki beinlínis undir málefnasvið samtakanna, eru mörg dæmi um að einstaklingar sem leita til samtakanna vegna greiðsluferðleika séu meðal annars að glíma við meðlagsskuldir. Því miður þekkja samtökin mörg dæmi um vanvirðandi framkomu starfsfólks Innheimtustofnunar við fólk sem skuldar meðlag og óhóflega harkalegar innheimtuaðgerðir á hendur því, jafnvel að reynt hafi verið að innheimta ólögvarðar kröfur. Sem dæmi hafa samtökin aðstoðað eldri borgara við að verjast fjárnámi fyrir áratuga gamalli meðlagsskuld vegna afkvæmis sem er sjálft komið á miðjan aldur, en bú viðkomandi hafði tvisvar verið tekið til gjaldþrotaskipta eftir að meðlagsskylda féll niður þegar barnið hafði náð 18 ára aldri og því ljóst að kröfurnar voru löngu fallnar niður vegna fyrningar. Einnig virðast dráttarvextir af ógreiddu meðlagi ekki falla niður í innheimtugerfinu þegar þeir fyrnast.

Af framangreindum ástæðum leggja samtökin höfuðáherslu á að í tengslum við yfirfærslu kröfusafns Innheimtustofnunar til ríkisins verði það yfirfarið rækilega með tilliti til lögmætis og kröfur sem ekki eiga rétt á sér, svo sem vegna fyrningar, verði felldar niður og meintum skuldurum tilkynnt um það með afsökunarbeiðni fyrir að hafa ranglega mátt þola ólöglega innheimtu. Þetta er ekki aðeins brýnt í þágu hagsmuna viðkomandi einstaklinga heldur einnig ríkissjóðs svo að leggja megi sem réttast mat á raunverulegt virði kröfusafnsins í tengslum við uppgjör vegna yfirtöku þess.

Jafnframt hvetja samtökin til þess að undanþága meðlagsskulda frá greiðsluaðlögun verði afnumin og reglugerð um innheimtu og skil á meðlögum verði tekin til endurskoðunar. Við þá endurskoðun verði meðal annars tryggt að ekki verði hægt að krefja launagreiðanda um að halda meiru eftir af launum meðlagsskuldara en svo að afgangurinn dugi til viðunandi framfærslu. Þannig mætti sporna við fátækt meðal einstæðra foreldra og draga úr hvata til að stunda "svarta" atvinnustarfsemi.

- 0 -

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is